

Malbikunarstöð Akureyrarbæjar  
Umhverfismiðstöð v/malbikunarstöðvar.  
Rangárvöllum 2  
603 Akureyri

Reykjavík, 31. október 2022  
UST202202-311/G.S.O.  
08.08.02

### **Varðar lokun frávika og ósk um tímasetta úrbótaáætlun**

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 26. september 2022 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávika er fram komu í eftirliti í Malbikunarstöð Akureyrar þann 24. ágúst 2022. Frestur var veittur til 24. október til að skila inn áætluninni.

Ryk var yfir losunarmörkum í starfsleyfi í mælingu 2021 og útblásturshraði náði ekki tilskildum hraða upp úr skorteini. **Ryk mælist nú undir losunarmörkum og útblásturshraði hefur náð tilskildum hraða. Telst frávikunum því lokið en aðstæður verða skoðaðar í næsta eftirliti.**

Frávikum er varða skil á grænu bókhaldi og hátt gildi fyrir olú í frárennsli var lokað með bréfi 26. september sl.

Eitt frávik er enn útistandandi en kolmónoxíð er samkvæmt nýjum mælingum enn yfir losunarmörkum í starfsleyfi.

**Umhverfisstofnun óskar eftir tímasettri áætlun um úrbætur á atriði sem tengist losun kolmónoxíðs. Tímasett áætlun skal berast stofnuninni eigi síðar en 21. nóv. 2022.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Gunnhildur Sif Oddsdóttir  
lögfræðingur

Gottskálf Friðgeirsson  
sérfræðingur